

**Bekkjarnámskrá
Íslenska - 1. bekkur
Skólaárið 2024-2025**



Kennarar: Harpa Björgvinsdóttir og Sigríður G Guðlaugsdóttir

Tímafjöldi: 8 kennslustundir á viku

Markmið

- haft lestrarhraða upp á 20-55 orð á mínútu
- kunnað stafrófið
- kunnað samhljóða
- kunnað sérhljóða
- lært að ríma
- kunnað að draga rétt til stafs
- látið stafi sitja á línu
- haldið jöfnu og hæfilegu bili á milli stafa og orða
- haldið jafnri hæð á stöfum
- notað tengikrók
- svarað spurningum úr stuttum texta
- kunnað að texti byrjar á stórum staf og endi á punkti
- kunnað sögugerð (upphaf, miðja, endir)
- fengið kynningu á samheitum
- fengið kynningu á andheitum

Námsefni

- vinnubækur 1 og 2
- Ritrún 1 Lestrarlandið
- Skrift 1
- Ýmsar skriftaræfingar
- léttlestrarbækur við hæfi hvers og eins
- Ljósrituð vinnuhefti
- Orðaspjall
- Sögubókin mín

Kennsluaðferðir

Þjálfuð eru frumatriði skriftar svo sem réttar líkamsstillingar, rétt grip á skriffæri, grunnform stafa/talna og frágangur. Kennd er ítölsk skrift með tengikrókum. Nemendur læra að skrifa bókstafina um leið og þeir eru lagðir inn.

Unnið er með bókstafina bæði heiti og hljóð en einnig heilar orðmyndir. Þegar nemendur hafa náð tengingu fá þeir léttlestrarbækur sem stigþyngjast. Um leið og nemendur geta lesið fá þeir lestrarbækur við hæfi og lesa heima daglega.

Lesskilningur og málfræðilegir þættir þjálfaðir með vinnubókum, samræðum, spilum, leikjum og verkefnavinnu. Nemendur fá einnig tækifæri til að tjá sig fyrir framan skólasystkini sín og segja frá eigin reynslu og upplifun. Einnig eru þeir hvattir til að tala skýrt og segja skipulega frá. Lögð er áhersla á að nemendur hlusti með athygli og sýni flytjendum tillitssemi.

Námsmat

Bókstafakannanir verða gerðar í september. Í október taka nemendur Leið til læsis, lesskimun. Hraðlestrarpróf eru í janúar og maí, nemendur fá einkunn hversu mörg orð á mínútu í lestri. Kannanir í lesskilningi, verkefni og skriftarbækur ,umræður og frásagnir nemenda metin.

Hæfniviðmið - námsþættir

Talað mál, hlustun og áhorf

- Beitt skýrum og áheyrilegum framburði.

- Hlustað og horft með athygli á upplestur, leikið efni, ljóð og söngva og greint frá upplifun sinni.
- Átt góð samskipti, hlustað og sýnt kurteisi.
- Sagt frá eftirminnilegum atburði og lýst ákveðnu fyrirbæri, endursagt efni sem hlustað hefur verið á eða lesið.

Lestur og bókmenntir

- Beitt aðferðum við umskráningu hljóða og stafa þannig að lestur verði lipur og skýr.
- Geta lesið 20-55 orð á mínútu að vori

Ritun

- Dregið rétt til stafs og skrifað skýrt og læsilega.
- Beitt einföldum stafsetningarreglum og notað tiltæk hjálpargögn við hæfi
- Nýtt sér fyrirmyndir í ritun, svo sem af lestri bóka, blaða eða rafræns efnis.
- Samið texta frá eigin brjósti, svo sem sögu, frásögn, ljóð eða skilaboð.

Málfræði

- Beitt töluðu máli og rituðu af nokkru öryggi og ræður yfir orðaforða og málskilningi sem hæfir þroska.
- Leikið sér með ýmis einkenni tungumálsins, svo sem margræðni orða og fundið kyn og tölu.
- Þekkt og fundið helstu einingar málsins, svo sem bókstafi, hljóð, orð, samsett orð og málsgrein.
- Leikið sér með orð og merkingu, svo sem með því að ríma, og fara í orðaleiki.

Bekkjarnámskrá
Stærðfræði – 1. bekkur
Skólaárið 2024-2025



Kennari: Harpa Björgvinsdóttir og Sigríður G Guðlaugsdóttir

Tímafjöldi: 6 kennslustundir á viku

Markmið

- tekið þátt í samræðum um stærðfræði
- leyst stærðfræðiþrautir
- túlkað og notað einföld stærðfræðitákn svo sem $+$ $-$ $=$
- notað talnagrind, talnalínu, kennslupeninga, einingakubba
- unnið með stærðfræðihugtök
- notað náttúrulegar tölur
- notað helstu aðferðir við reikningsdæmi
- flokkað hluti eða myndir eftir eiginleikum, lit, lengd o.s.frv.
- notað talnalínu
- skráð tölur og skrifað upp að 20
- sett upp „mjög“ einföld dæmi
- vitað muninn á tug og einingu
- þekkt klukkuna (heill tími)
- unnið með munstur og líkön
- notað hugtök úr rúmfræði svo sem form og stærðir
- gert grein fyrir tví- og þrívíðum formum

- talið og flokkað hluti úr sínu nánasta umhverfi

Námsefni

- Sproti 1a og 1b, nemendabækur og æfingabækur
- kubbar, smáhlutasafn, teningar og fleira
- rúðubók
- ýmis aukaverkefni

Kennsluaðferðir

Unnið er með tölurnar frá 0 – 20. Lögð er áhersla á að tengja stærðfræðina reynsluheimi nemenda, umhverfi og daglegu lífi. Jafnframt er leitast við að vinna hlutbundið og í gegnum leik, þannig að nemendur öðlist jákvætt viðhorf til stærðfræðinnar.

Námsmat

Fylgst er með framvindu náms hvers nemanda jafnt og þétt yfir skólaárið

Kaflapróf

Umræður og verkefni

Hæfniviðmið – námsþættir

Að geta spurt og svarað með stærðfræði

- Tekið þátt í samræðum um spurningar og svör sem eru einkennandi fyrir stærðfræði.
- Leyst stærðfræðiþrautir sem gefa tækifæri til að beita innsæi, notað áþreifanlega hluti og eigin skýringamyndir.

Að kunna að fara með tungumál og verfæri stærðfræðinnar

- Notað hentug verkfæri, þar með talin hlutbundin gögn, reiknirit, talnalínu, vasareikna og tölvur, til rannsókna á stærðfræðilegum viðfangsefnum.
- Túlkað og notað einföld stærðfræðitákn, þar með talið tölur og aðgerðamerki og tengt þau við daglegt mál.
- Tekið þátt í samræðum um stærðfræðileg verkefni.

Vinnubrögð og beiting stærðfræðinnar

- Lesið og rætt um einfaldar upplýsingar, þar sem stærðfræðihugtök eru notuð.

Tölur og reikningur

- Notað náttúrlegar tölur, raðað þeim og borið saman.
- Tekið þátt í að þróa hentugar aðferðir sem byggja á eigin skilningi við að reiknasamlagningar-, frádráttar-, margföldunar- og deilingardæmi.

Algebra

- Kannað, búið til og tjáð sig um reglur í talnamynstrum og öðrum mynstrum á fjölbreyttan hátt og spáð fyrir um framhald mynsturs, t.d. með því að nota líkön og hluti.

Rúmfræði og mælingar

- Notað hugtök úr rúmfræði, s.s. um form, stærðir og staðsetningu til að tala um hluti og fyrirbrigði í daglegu lífi og umhverfi sínu.
- Gert óformlegar rannsóknir á tví- og þrívíðum formum, teiknað skýringarmyndir af þeim og hlutum í umhverfi sínu.

Tölfræði og líkindi

- Safnað gögnum í umhverfi sínu og um eigið áhugasvið.
- Talið, flokkað og skráð, lesið úr niðurstöðum sínum og sett upp í einföld myndrit.

Bekkjarnámskrá
Náttúrugreinar – 1. bekkur
Skólaárið 2024-2025



Kennari: Harpa Björgvinsdóttir og Sigríður G Guðlaugsdóttir

Tímafjöldi: 3 kennslustundir á viku

Markmið

Kynnist nánasta umhverfi

Verði meðvituð um verndun umhverfisins

Þekki líkamann

Þekki íslensku húsdýrin

Námsefni

Komdu og skoðaðu líkaman ásamt verkefnaheftum

Kennsluaðferðir

Nám í náttúrufræði er ætlað til að víkka sjóndeildarhring nemenda, byggja upp þekkingu og efla skilning þeirra á umhverfinu. Stefnt verður á að fara í vettvangsferðir og skoða okkar nánasta umhverfi til að efla þekkingu nemenda. Nemendum verður kennt að bera virðingu fyrir umhverfi sínu og náttúru. Áhersla verður lögð á sem fjölbreyttustu kennsluhætti og verða aðrar námsgreinar fléttaðar inn í náttúrufræðikennslu na.

Námsmat

Verkefni

Umræður

Verkefnabækur

Virgni í tímum

Hæfniviðmið - námsþættir

Geta til aðgerða

- Sýnt virkni og látið sig varða nánasta umhverfi og lífsskilyrði lífvera í því

Gildi og hlutverk vísinda og tækni

- Gert sér grein fyrir hvernig maðurinn er hluti af náttúrunni og lífsafkoma hans byggist á samspilinu við hana.
- Útskýrt hvernig tækni nýtist í daglegu lífi þeirra.

Vinnubrögð og færni

- Sagt frá og framkvæmt með hversdagslegum hlutum einfaldar athuganir úti og inni.
- Útskýrt valda atburði og hugmyndir á fjölbreyttan hátt.
- Hlustað á og rætt hugmyndir annarra.

Ábyrgð á umhverfinu

- Tekið eftir og rætt atriði í umhverfinu sínu, sýnt félögum og náttúru alúð.
- Tekið þátt í að skoða, greina og bæta eigið umhverfi og náttúru.

Að búa á jörðinni

- Lýst landnotkun í heimabyggð.

Lífsskilyrði manna

- Útskýrt á einfaldan hátt byggingu og starfsemi mannlíkamans.
- Útskýrt mikilvægi hreyfingar, hreinlætis, hollrar fæðu og svefns.
- Bent á skaðleg efni og hvernig ýmsir sjúkdómar og sýklar eru smitandi.

Heilbrigði umhverfisins

- Flokkað úrgang.

Samspil vísinda, tækni og þróunar í samfélaginu

- Gert grein fyrir hvernig holl fæða er samsett úr öllum flokkum fæðuhringsins og mikilvægi við geymsluaðferðir.

Bekkjarnámskrá
Samfélagsgreinar- 1. bekkur
Skólaárið 2024-2025



Kennari: Harpa Björgvinsdóttir og Sigríður G Guðlaugsdóttir

Tímafjöldi: 4 kennslustundir á viku

Markmið

Kynnist nánasta umhverfi,

Víðsýni,

Jákvæðum samskiptum

Kynbundið og kynferðislegt áreiti og ofbeldi

Forvarnir og fræðsla fer fram í öllum árgöngum og er unnin upp úr skýrslu UNESCO, International technical guidance on sexuality education. Unnið er með áherslur UNESCO á hverju aldursári og farið meira á dýptina eftir því sem nemendur eldast. Áherslur 1. bekkjar eru fjölskyldur, vinátta, umhyggja, umburðarlyndi, virðing og jafnrétti kynjanna.

Unicef

- Haustönn vinnum við verkefnið Bekkjarsjáttamáli
- Á vorönn vinnum við verkefnið Til hamingju með afmælið

Námsefni

PBS

Blái hnötturinn

Kennsluaðferðir

Í kennslunni er lögð áhersla á fjölbreytta kennsluhætti: framsögn, einstaklingsvinnu, samvinnu, þemavinnu, vettvangsferðir, hlutverkaleiki og fleira.

Námsmat

Verkefni

Umræður

Verkefnabækur

Virkni í tímum

Hæfniviðmið – námsþættir

Reynsluheimur – Umhverfi, samfélag, saga, menning: Hæfni nemenda til að skilja veruleikann

- Áttað sig á að trúar- og lífsviðhorf fólks birtast í mismunandi viðhorfum, siðum og venjum.
- Varast hættur á heimili sínu og í nágrenninu.
- Gert sér grein fyrir gildi náttúru og umhverfis og mikilvægi góðrar umgengni.
- Áttað sig á að hann er hluti af stærra samfélagi.

Hugarheimur – Sjálfsmýnd: Hæfni nemenda til að átta sig á sjálfum sér og öðrum

- Gert sér grein fyrir þörf sinni fyrir næringu, hvíld, hreyfingu og hreinlæti.

Félagsheimur – Samskipti: Hæfni nemenda til að mynda og þróa tengsl sín við aðra

- Tekið þátt í samstarfi og samræðu í jafningjahópi.
- Sýnt tillitssemi og virðingu í samskiptum og samvinnu við aðra.
- Tjáð þekkingu sína og viðhorf með ýmsum hætti.
- Áttað sig á ýmiss konar afleiðingum athafna sinna.
- Áttað sig á gildi jafnréttis í daglegum samskiptum.
- Sýnt tillitssemi og umhyggju í leik og starfi.

Bekkjarnámskrá
Skólaíþróttir - 1. bekkur
Skólaárið 2024-2025



Kennari: Hjörtur Fjeldsted, Frans Elvarsson, Birna Þorkeldsdóttir

Tímafjöldi: 2 kennslustundir á viku

Markmið

Markmið er að örva hreyfiþroska nemenda og efla afkastagetu þeirra. Efla félagsþroska nemenda í formi leikja og samvinnu. Ken na þeim ábyrgð á eigin heilsu með því að tileinka sér markvissa ástundun, íþróttá eða líkamns og heilsurækt.

Námsefni

Öll almenn áhöld íþróttahúsa.

Kennsluaðferðir

Námið fer að miklu leyti fram í leikjaformi þar sem nemendur virkja hreyfiþörf, efla skynfæri líkamans og styrkja gróf-og fínhreyfingar. Byrjað er að kenna grunnatriði ýmissa íþróttagreina.

Námsmat

Virgni, viðhorf, hæfni og hegðun eru matsþættir sem íþróttakennari metur jafnt og þétt yfir skólaárið. Nemandi fær einkunn sem er síðan reiknuð út úr matsþáttum.

Hæfniviðmið - námsþættir

Líkamsvitund, leikni og afkastageta

- Virkjað hreyfiþörf.
- Tekið þátt í leikjum og leikrænum æfngum sem efla hraða, viðbragð og kraft.
- Gert þær hreyfingar sem krafist er.
- Gert hreyfingar sem reyna á samhæfingu.

Félagslegir þættir

- Tileinkað sér þær samskiptareglur sem í gildi eru.
- Öðlast þá félagsfærni að taka þátt í leikjum.
- Tileinkað sér íþróttamannslega hegðun.

Heilsa og efling þekkingar

- Tileinkað sér hreinlæti að lokinni íþróttakennslu.

Öryggis og skipulagsreglur

- Farið eftir öryggis-, skipulags og umgengnisreglum sundstaða og íþróttahúsa og brugðist við óhöppum.

**Bekkjarnámskrá
Sund – 1. bekkur
Skólaárið 2024 -2025**



Kennari: Frans Elvarsson, Hjörtur Fjeldsted

Tímafjöldi: 1 kennslustund á viku

Markmið

Læra allar helstu sunaðferðir og geti notað þær til líkamsræktar og ánægju.

Námsefni

Öll helstu áhöld sundlauga, sundfit, kork, kútar og fleira.

Kennsluaðferðir

Kennari leggur fyrir verklegar æfingar fyrir nemendur og útskýrir þær munnlega og/eða með sýnikennslu. Æfingar sem gerðar eru á sundstigsprófum eru æfðar yfir veturinn með endurteknum æfingum.

Námsmat

Frammistöðumat: Virkni nemenda í tímum skráð til bókar.

Verklegt próf, nemendur taka sundpróf og ljúka 1. sundstigi.

Hæfniviðmið - námsþættir

Líkamsvitund, leikni og afkastageta

- Unnið eftir 1. sundstigi.
- Staðið á botni í grynri hluta laugar, andað að sér og fært andlitið í kaf og andað frá sér (endurtekið 10 sinnum).
- Flotið á bringu eða baki, með eða án hjálparkæja.

Öryggis og skipulagsreglur

- Farið eftir öryggis-, skipulags og umgengisreglum sundstaða og íþróttahúsa og brugðist við óhöppum.

Bekkjarnámskrá
Upplýsinga- og tæknimennt – 1. bekkur
Skólaárið 2024 - 2025



Kennari: Jovana Dedeic

Tímafjöldi: 1 kennslustund á viku

Markmið

Að nemendur geti:

- Skráð sig inn í ípad
- Farið á milli appa og unnið sjálfstætt
- umgengist ipada.

Námsefni

Verkefni í ipöðum.

Kennsluaðferðir

Bein kennsla, nemendur vinna sjálfstætt eftir fyrirmælum frá kennara og fá aðstoð eftir þörfum.

Námsmat

Mat á frammistöðu í tímum.

Hæfniviðmið - námsþættir

Vinnulag og vinnubrögð

- Hefur tamið sér ákveðnar umgengnisreglur við tölvur í tölvuveri.
- Beitt undirstöðuatriðum í fingrasetningum.

Upplýsingaöflun og úrvinnsla

- Getur unnið með efni af veraldarvefnum.
- Nýtt rafrænt og gagnvirkt námsefni.

Tækni og búnaður

- Hefur lært að beita tölvumús við tölvuvinnslu.
- Hefur lært að kveikja á tölvu, skrá sig inn í tölvuna og ganga rétt frá henni að lokinni notkun.

Sköpun og miðlun

- Hefur jákvætt viðhorf til tölva og hefur þjálfast í að umgangast þær sem sjálfsagt verkfæri.
- Er óhrædd/ur við að þreifa sig áfram og auka eigin þekkingu á tölvutækni.

Siðferði og öryggismál

- Farið eftir einföldum reglum um ábyrga netnotkun og er meðvitaður um siðferðislegt gildi þeirra.

Bekkjarnámskrá
Nýsköpun - 1. bekkur
Skólaárið 2024- 2025



Kennari: Drífa Hjördís Thorstensen

Tímafjöldi: 2 kennslustund á viku (8-9 skipti yfir skólaárið)

Markmið

Viðfangsefni:

- Vísindi - Hvernig virka hlutirnir? (Hreyfiorka, kraftalögmál, rafeindafræði)
- Tækni - Forritun, vélmenni, 3D
- Verkfræði - Setja saman eftir leiðbeiningum (vísindalæsi)
- Hugvit/Hönnun- Frá endurvinnslu til nýsköpunar

Námsefni

Fjölbreytt

Kennsluaðferðir

Bekkingaröflun og hugmyndavinna snýr að undirbúningsvinnu og tækniþjálfun. Nemendur viðá að sér upplýsingum og efni, kanna, rannsaka, prófa, ímynda sér, læra tækni, forma, taka áhættu sem skerpir eigið þor og traust bæði til viðfangsefnisins og eigin hugmynda.

Framkvæmd felur í sér að nemendur beita aðferðum þar sem þeir umbreyta, túlka, flytja, sýna, prófa, forma og framleiða.

Greining felur í sér að nemendur dýpka skilning sinn og upplifun með umræðu, tjáningu og mati. Nemendur greina, yrða, meta, virða, gagnrýna, bera saman, túlka, ígrunda og rannsaka.

Samhengi felur í sér að setja ferlið í sögulegt, menningarlegt, persónulegt og félagslegt samhengi. Nemendur yrða, meta, ígrunda, skipuleggja/endurskipuleggja, smíða kenningar, þroskast og breytast.

Frumkvæði, sköpun, nýsköpun, tækni, hugmyndir og hugvit:

- þarfaleit
- teiknivinna
- hönnunarverkefni
- líkanasmíði
- fumgerðasmíði
- rafrásir
- 3D
- Endurvinnsla

Æfing - Hugmynd - Hönnun - Framkvæmd

Námsmat

- Þátttaka í tímum
- Nemendur vinna verkefni sem þeir ýmist fá að taka með sér heim og eða taka mynd af og setja í bók.
- Við lok lotunnar munum nemendur hafa með sér bók sem inniheldur myndir, leiðbeiningar og uppskriftir eftir því sem við á.

Hæfniviðmið - námsþættir**Vinnulag og vinnubrögð**

Nemandi getur

- nýtt rafrænt námsefni á einföldu formi til stuðnings við vinnutækni og vinnulag
- sýnt frumkvæði og tekið þátt í samvinnuverkefnum undir leiðsögn
- gert sér grein fyrir ólíkum aðferðum við notkun á ýmsum tæknibúnaði

Upplýsingaöflun og úrvinnsla

Nemandi getur

- nýtt upplýsingatækni og forrit við uppbyggingu verkefna
- nýtt hugbúnað/forrit

Tækni og búnaður

Nemandi getur

- notað einfaldan hugbúnað/forrit
- smíðað líkön eftir leiðbeiningum

Handverk

Nemandi getur

- valið og notað nokkur verkfæri sem hæfa viðfangsefni á öruggan hátt

Hönnun og tækni

Nemandi getur

- dregið einfalda skissu og tvívíða teikningu til að útskýra hugmyndir sínar,
- unnið verkefni frá hugmynd að fullunnum hlut með áherslu á form og útlit,
- framkvæmt einfaldar samsetningar,
- sagt frá orkugjöfum sem nota má í smíðaverkefnum og nýtt virkniþætti í smíðisgripum, s.s. vogarafl, gorma og teygjur,
- bent á ýmis tæknifyrirbrigði er tengjast hans daglega lífi,
- greint einfaldar þarfir í umhverfi sínu og rætt nokkrar lausnir.

Umhverfi

Nemandi getur

- valið efni út frá umhverfissjónarmiðum og sagt frá kostum þess að nota efni úr nærumhverfi,
- sýnt góða nýtingu þeirra efna sem unnið er með

Siðferði og öryggismál

Nemandi getur

- sýnt ábyrgð í meðferð upplýsinga,
- farið eftir einföldum reglum um ábyrga netnotkun og er meðvitaður um siðferðislegt gildi þeirra.

Bekkjarnámskrá
Sjónlistir – 1. bekkur
Skólaárið 2024 -2025



Kennari: Harpa Björgvinsdóttir

Tímafjöldi: 2 kennslustundir á viku (hringekja)

Markmið

Sjónlist er í eðli sínu skapandi námsferli. Mikilvæg ferli þar sem nemendur finna innri rödd, mynda tengingar, og þróa leikni í ólíkum nálgunum, s.s. í teikningu, málun, klippiaðferð og skjámiðlum. Að taka þátt í að skapa, greina og njóta listar stuðlar að því að nemendur þjálfast í að upplifa list ásamt því að þróa með sér samkennd, umburðarlyndi og gagnrýnninn skilning á heiminum. Í umræðum um sjónlist skapast tækifæri til að þjálfra orðaforða myndlistar, samkennd og umburðarlyndi í tengslum við gagnrýna umræðu um upplifun nemenda á völdum listaverkum og eigin verkum. Með því að tengja við eigin reynslu þjálfast nemendur í læsi á eigið umhverfi. Alls staðar í umhverfi okkar er sjónrænt áreiti sem mikilvægt er fyrir nemendur að læra að lesa og greina. Í sjónlist er unnið með skynjun, greiningu og túlkun sem veitir nemendum forsendur til að tjá það sem þeir horfa á, heyra það sem þeir hlusta á, finna það sem þeir snerta og skapa út frá reynslunni.

Námsefni

- Ljósrituð hefti frá kennara

Kennsluaðferðir

- Innlögn kennara, sýnishorn, nemendur vinna sjálfstætt eða í hopum eftir fyrirmælum kennara.

Námsmat

- Námsmat verður í formi símats þar sem ekki er aðeins gefið fyrir þau verkefni er nemandinn vinnur, heldur virkni nemandans í tímum; sjálfstæði, sköpun, vandvirkni og umgengni. Samkvæmt hæfniviðmiðum aðalnámskrá

Hæfniviðmið - námsþættir

Sköpun og Fagurfræði

- Getur tjáð tilfinningar, skoðanir og hugmyndaheim sinn í myndverki á einfaldan hátt.
- Getur notað einfaldar aðferðir greinarinna og beitt viðeigandi áhöldum til þess að skapa.
- Getur skreytt myndverki sitt á einfaldan hátt.

Saga, menning, umhverfi

- Þekkt íslenska og alþjóðlega list.
- Getur notað ný og endurunnin efni í vinnu.

Félagsfærni og gagnrýnin hugsun

- Getur fjallað um eigin verk og annarra á einfaldan hátt.
- Getur unnið eftir einföldum leiðbeiningum.
- Getur unnið sjálfstætt eða í hópum.

Bekkjarnámskrá
Textílmennt – 1. bekkur
Skólaárið 2024-2025



Kennari: Ásta Guðný Ragnarsdóttir

Tímafjöldi: 2 kennslustundir á viku í 8-13 skipti

Markmið

Að samhæfa hug og hönd nemenda, temja nemendum rétt vinnubrögð, rétta og örugga notkun áhalda. Áhersla lögð á frjálsga og skapandi vinnu, ásamt þjálfun fínhyfinga, vandvirkni og sjálfstæði. Nemendur læra að klippa efni, nota títuprjóna, nálar, skæri og sauma í saumavél.

Námsefni

Námsefni og sýnikennsla hjá kennara, skæri, lím, perlur, skraut, títuprjónar, nálar, efni, saumavél, tvinni, sniðapappír, dúska skapalón, tölur, málning og fleira.

Kennsluaðferðir

Verkefni

Innlögn / sýnikennsla kennara

Einstaklingsvinna

Para- og hópavinna

Námsmat

Verkefni nemenda eru lögð til grundvallar við námsmat, ásamt áhuga, sjálfstæði, verklagni, hegðun og vinnusemi nemenda í tímum.

Hæfniviðmið – námsþættir

Handverk, aðferðir og tækni

- Notað einfaldar aðferðir greinarinnar og beitt viðeigandi áhöldum.
- Unnið úr nokkrum gerðum textílefna.

- Unnið eftir einföldum leiðbeiningum.

Sköpun, hönnun og útfærsla

- Skreytt textílvinnu á einfaldan hátt.

Menning og umhverfi

- Notað ný og endurunnin efni í textílvinnu.

Bekkjarnámskrá
Heimilisfræði - 1. bekkur
Skólaárið 2024-2025



Kennari: Sigríður Gerða Guðlaugsdóttir

Tímafjöldi: 2 kennslustundir á viku

Markmið

Að nemendur þekki helstu eldhúsáhöld og útbúið einfalda máltíð. Að nemendur læri að hreinlæti skiptir máli í eldhúsinu.

Námsefni

„Gott og gaman“

Kennsluaðferðir

- Sýnikennsla, kennari er með innlögn, lýsingu og sýnir jafnvel hvernig hægt er að fara að.
- Verklegar æfingar, stuttir fyrirlestrar frá kennara. Fræðslumyndir, myndir og veggspjöld sýnd t.d. frá Lýðheilsustöð. Vinnubók, nemendur lesa og vinna í vinnubók skrifleg verkefni. Umræður, nemendur vinna saman í umræðuhópum og spjalla um ýmsa þætti sem koma að náminu.
- Nemendur koma eins mikið að verklega hlutanum og hægt er.

Námsmat

- mat á frammistöðu í tímum – Frammistaða nemenda ásamt virkni í tímum er metin til einkunnar.

Hæfniviðmið - námsþættir

Matur og lífshættir

- Tjáð sig á einfaldan hátt um heilbrigða lífshætti.
- Getur gengið frá eftir vinnu sína
- Valið hollan mat og útskýrt áhrif hans á líkama og líðan.

- Getur unnið einföld verkefni í hóp

Matur og vinnubrögð

- Útbúið með aðstoð einfaldar og hollar máltíðir.
- Farið eftir einföldum uppskriftum og notað til þess einföld mæli- og eldhúsáhöld.
- Sagt frá helstu hættum sem fylgja vinnu í eldhúsi.

Matur og menning

- Tjáð sig á einfaldan hátt um jákvæð samskipti við borðhald, helstu hátíðir Íslendinga, siði sem þeim fylgja og þjóðlegan mat.